

REGLUR

um aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um váttryggingamiðlara skv. lögum nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga.

2. gr.

Váttryggingafjárhæðir starfsábyrgðartrygginga.

Váttryggingamiðlarar skulu við töku starfsábyrgðartrygginga skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga, fylgja ákvæði 1. liðar 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1935, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1935 frá 13. maí 2019, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu og fyrir fjárhagslega getu váttryggingamiðlara og endurtryggingamiðlara, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2020 frá 23. október 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 212-213.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 27. júní 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri.